

Fréttabréf



FRÉTTABRÉF LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA RÍKISINS OG LÍFEYRISSJÓÐS HJÚKRUNARFRÆÐINGA



Besta ávöxtun í sögu LSR og LH

Árið 2003 náðist hæsta ávöxtun í langri sögu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH). Nafnávöxtun LSR árið 2003 var 13,8% sem samsvarar 10,8% raunávöxtun. Nafnávöxtun LH árið 2003 var 15,0% sem samsvarar 12,0% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 10,6% hjá LSR og 11,8% hjá LH. Allar fjárfestingarleiðir Séreignar LSR skildu einnig góðri ávöxtun á árinu. Hrein raunávöxtun Leiðar I var 12,9%, Leiðar II 9,0% og Leiðar III 7,0%.

Þessi góði árangur skýrist af markvissri vinnu við fjárfestingar, skýrri fjárfestingarstefnu og miklum hækkingum á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Hjá LSR og LH hefur verið unnið markvisst að því að ná sem hæstri ávöxtun en jafnframt að takmarka áhættu sem kostur er. Lykillinn að því markmiði er skýr fjárfestingarstefna sem miðar að mikilli eignadreifingu milli helstu flokka verðbréfa. Unnið er eftir fyrirfram ákveðnum markmiðum um skiptingu eigna milli skuldabréfa og hlutabréfa og einnig milli innlendra og erlendra verðbréfa. Lykilatriðið er varfærni í fjárfestingum og mikil áhættudreifing.

Nýr sjóðfélagavefur LSR

Nýr sjóðfélagavefur LSR hefur verið opnaður á heimasíðu LSR. Sjóðfélagavefurinn verður til að byrja með einungis opin sjóðfélögum í séreign LSR en síðar á árinu mun verða opnað fyrir vefaðgang að öðrum deildum. Með núverandi vefaðgangi geta sjóðfélagar séð daglega stöðu á inneign sinni í séreignarsparnaði, skoðað hreyfingar á völdu tímabili og fengið upplýsingar um ávöxtun. Sjóðfélagar sem hafa hafið töku séreignarlífeyris geta fylgst með lífeyrisgreiðslum. Í tengslum við nýtt tölvakerfi sjóðanna verður sjóðfélagavefurinn í stöðugri þróun með það að markmiði að auðvelda aðgangi sjóðfélaga að upplýsingum um sín lífeyrismál. Síðar verður boðið upp á aukna þjónustu s.s. fjölbreyttari reiknivélar þar sem hægt verður að reikna út áætlaðan lífeyri í starfslok bæði úr samtryggingu og séreign. Þá munu sjóðfélagar geta nálgast rafræn umsóknareyðublöð, fært sig milli fjárfestingarleiða og breytt iðgjaldahlutfalli á séreignarsparnaði sínum. Jafnframt munu launagreiðendur hafa aðgang að greiðslustöðu sinni og öðrum tengdum upplýsingum.

vefurinn í stöðugri þróun með það að markmiði að auðvelda aðgangi sjóðfélaga að upplýsingum um sín lífeyrismál. Síðar verður boðið upp á aukna þjónustu s.s. fjölbreyttari reiknivélar þar sem hægt verður að reikna út áætlaðan lífeyri í starfslok bæði úr samtryggingu og séreign. Þá munu sjóðfélagar geta nálgast rafræn umsóknareyðublöð, fært sig milli fjárfestingarleiða og breytt iðgjaldahlutfalli á séreignarsparnaði sínum. Jafnframt munu launagreiðendur hafa aðgang að greiðslustöðu sinni og öðrum tengdum upplýsingum.

Bankastræti 7

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 er sameiginlegt rekstrarfélag LSR og LH. Starfsemi sjóðanna flutti árið 1998 í núverandi húsnæði að Bankastræti 7.

Í stefnufyrirspá sjóðanna er lögð áhersla á að LSR og LH tileinki sér ábyrga starfs-hætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðirnir leggja áherslu á fyrir-myndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verði LSR og LH traustir lífeyrissjóðir, og sjóðfélögum örugg samfylgd.



Starfsmenn Lífeyrissjóða Bankastræti 7 eru nú 34. Á vefsíðu LSR er að finna bein símanúmer og netföng þeirra.

Miklar breytingar

Árið 2003 var eitt það besta í sögu LSR. Vegið meðaltal nafnávöxtunar hjá öllum deildum LSR var tæplega 14% sem svarar til þess að hrein raunávöxtun hafi verið um 10,6%.

samanlagðar eignir allra deilda LSR rúmlega 146 milljarðar króna og höfðu þær aukist um tæplega 26% frá árinu á undan. Ekki eru þá teknar með kröfur sjóðsins á hendur launagreiðendum um greiðslu hluta af lífeyri í framtíðinni. Af verðbréfaeign sjóðsins eru um 69% í innlendum skuldabréfum, liðlega 11% í innlendum

hlutabréfum og tæp 20% í erlendum hlutabréfum.

Frá árslokum 1996 hafa orðið miklar breytingar á öllum fjárhagslegum stærðum í rekstri sjóðsins. Eignir í árslok 1996 voru 31,5 milljarðar króna, en í árslok 2003 voru þær rúmlega 146 milljarðar. Í árslok 1996 var áfallin skuldbinding B-deildar um 135 milljarðar króna, en var 304 milljarðar um síðustu áramót. Samanlögð skuldbinding allra deilda var um 138 milljarðar króna. Í árslok 1996, en tæpir 339 milljarðar í árslok 2003. Ráðstöfunarfé til verðbréfaþinga var 2,3 milljarðar króna á árinu 1996, en 25,8 milljarðar á árinu 2003.

Eignasamsetning sjóðsins hefur einnig breyst mjög mikið. Í árslok 1996 voru eignir sjóðsins einungis í innlendum skuldabréfum, en eru nú einnig í innlendum og erlendum hlutabréfum.

Árið 2003 var sjöunda starfsár A-deildar LSR og voru eignir deildarinnar 35,4 milljarðar króna í árslok.

Samkvæmt lögum um A-deildina er iðgjald launagreiðenda breytilegt og ræðst af stöðu deildarinnar á hverjum tíma. Iðgjald sjóðfélaga er 4% af heildarlaunum og mótfélag launagreiðenda hefur frá upphafi verið 11,5% af sömu launum. Niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar gefa ekki tilefni til að breyta þessum hlutföllum.

Á síðasta ári mótaði stjórn sjóðsins ásamt starfsmönnum stefnu starfseminnar til næstu ára. Megináhersla er lögð á ábyrga starfshætti LSR, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Jafnframt er lögð áhersla á að þjónusta sjóðsins sé til fyrirmyndar og að sjóðirnir hafi á hverjum tíma á að skipa öflugri upp lýsingatækni. Þannig verður LSR traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

Mikil eignaaukning, aukin ábyrgð

Spjallað við Hauk Hafsteinsson, framkvæmdastjóra LSR og LH



Mikil eignaaukning hefur orðið hjá LSR og LH á undanförunum árum. Í árslok 1996 voru samanlagðar eignir sjóðanna rúmir 35 milljarðar króna, en í lok síðasta árs voru eignirnar 159 milljarðar króna. Við báðum Hauk Hafsteinsson, framkvæmdastjóra, að skýra þessa eignaaukningu.

„Fram til ársins 1997 voru þessir sjóðir einungis að hluta til byggðir á sjóðsöfnun og þannig er það enn hjá B-deild LSR og LH,“ segir Haukur í stuttu spjalli við Fréttabréfið. „Ekki hefur verið við það miðað að B-deild og LH eigi eignir að fullu fyrir skuldbindingum sínum. Þvert á móti hefur verið við það miðað að ríkissjóður og aðrir launagreiðendur standi straum af hluta lífeyrisgreiðslna. Góð lífeyrisréttindi voru og eru hluti af heildarkjörum opinberra starfsmanna. Skuldbindingar LSR og LH eru réttindi sjóðfélaganna. En það urðu miklar breytingar í byrjun árs 1997. Þá gengu í gildi ný lög um LSR. A-deild sjóðsins var stofnuð og hún byggir á fullri sjóðsöfnun, þ.e. deildin á jafnan að eiga fyrir skuldbindingum sínum. Með lagabreytingunni var launagreiðendum jafnframt gert kleift að gera upp eða greiða inn á áfallnar skuldbindingar hjá B-deild LSR og LH. Ýmsir launagreiðendur hafa kosið að fara þá leið, m.a. ríkissjóður. Með því er lífeyrissjóðunum gert kleift að standa undir stærri hluta af lífeyrisgreiðslum, og komið í veg fyrir að ríkissjóður þurfi að greiða háar fjárhæðir til sjóðanna í framtíðinni.“

Ábyrgur fjárfestir

Með vaxandi eignum og auknu ráðstöfunarfé hafa LSR og LH orðið einn stærsti aðili á

innlendum fjármálamarkaði. En hafa sjóðirnir sérstöðu sem fjárfestar? „Já, að ýmsu leyti,“ segir Haukur. „Lögð hefur verið áhersla á að ávaxta fé sjóðanna sem best, samhliða því að lágmarka áhættu. Áhættudreifing er lykilorð sem við höfum að leiðarljósi. Það er lögð rík áhersla á að lífeyrissjóðirnir séu traustir og varfærnir fjárfestar, með skýra fjárfestingarstefnu og framtíðarsýn. Þeir leitast við að vera faglegir og óháðir fjárfestar sem fyrst og fremst horfa til ávöxtunar til lengri tíma. Stjórnir LSR og LH hafa mótað þá stefnu að tilnefna ekki fulltrúa í stjórnir þeirra hlutafélaga sem fjárfest er í. Þessi stefna hefur reynst vel og hefur hún komið í veg fyrir hugsanlega hagsmunaaðrekstra. Stórir fjárfestar hafa ýmis önnur úrræði til að hafa áhrif en með stjórnarsetu.“

Stærsti lífeyrissjóður landsins

LSR er stærsti lífeyrissjóður landsins. Hvaða áhrif hefur stærðin á starfsemi sjóðsins? „Stærð sjóðsins er styrkur í allri starfsemi hans. Rekstrarkostnaður er hlutfallslega lágur og unnt að ná hagstæðum samningum við fjárfestingar. Þá gefur stærð sjóðsins kost á að standa vel að allri þjónustu við sjóðfélaga, þar sem starfsmenn geta sérhæft sig í tilteknum þáttum starfseminnar. Við rekum t.d. öflugan lánadeild þar sem innheimtugjöldum er haldið í lágmarki til hagsbóta fyrir sjóðfélaga. LSR og LH greiða rúmlega þriðjung af öllum lífeyrisgreiðslum íslenskra lífeyrissjóða. Vegna stærðar sjóðanna getum við haft á að skipa sérhæfðu starfsfólki sem þekkir vel til þessa málaflokks. Flestir sjóðfélagar greiða mörg ár og oft áratugi til sjóðanna. Þeir leita hins vegar örsjaldan til þeirra. Þegar þeir koma viljum við að þeir fái góða og persónulega þjónustu.“


Áhættudreifing höfð að leiðarljósi

Við mótun fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða er stefnt að sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Með því að fjárfesta bæði í hlutabréfum og skuldabréfum, hérlendis og erlendis, næst góð áhættudreifing sem á, að öllu jöfnu, að skila sér í tryggari lífeyrisgreiðslum þegar til lengri tíma er litíð.

Við mat á áhættudreifingu er ekki aðeins horft til dreifingar milli eignaflokka heldur einnig innan hvers eignaflokks. Í innlendum skuldabréfum er mikilvægt að það sé góð dreifing milli einstakra útgefenda og flokka (lánastofnanir, fyrirtæki, sveitarfélög o.s.frv.). Í innlendum hlutabréfum þarf að gæta góðrar dreifingar milli hlutafélaga. LSR og LH stefna

á því að eiga í 10 félögum hið minnsta, skráðum á Aðallista Kauphallar Íslands. Í erlendum hlutabréfum, þar sem sjóðirnir velja fjárvörsluaðila (sem síðan fjárfesta í hlutabréfum), er horft til þess að hver og einn fjárvörsluaðili sé ekki of stór sem hlutfall af safninu og að aðilarnir beiti mismunandi aðferðafræði við val sitt á hlutabréfum í safnið. Þannig næst góð áhættudreifing og uppstaðan í safninu er stór og sterk fyrirtæki, skráð í erlendum kauphöllum.

Með áhættudreifingu að leiðarljósi telja sjóðirnir að hægt sé að ná góðri og tryggri ávöxtun til lengri tíma, sjóðfélögum og launagreiðendum til hagsbóta.



Samningur við Deloitte um innri endurskoðun

LSR og LH hafa gert samning við Deloitte um vinnu við innri endurskoðun hjá lífeyrissjóðunum. Með samningnum er skilið á milli vinnu við endurskoðun á ársreikningi sjóðanna og vinnu við innri endurskoðun. Ríkisendurskoðun mun eftir sem áður endurskoða ársreikning LSR og LH. Deloitte mun hins vegar sjá um innri endurskoðun í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

2003 gott ár hjá Séreign LSR


Mjög vel gekk að ávaxta Séreign LSR á síðasta ári og sýndu allir verðbréfaflokkar jákvæða ávöxtun á árinu. Heildareignir námu 2.325 m.kr. í árslok 2003 og hækkaði hrein eign um 862 m.kr. eða 59%.

Fjárfestingarleiðir Séreignar LSR – breytingar á fjárfestingarstefnu

Í lok árs 2003 var gerð lítilsháttar breyting á fjárfestingarstefnu LSR. Starfsmenn LSR hafa séð um stýringu fjárfestingaleiða frá 1. janúar 2003. Þeir hafa endurskoðað stefnuna til samræmis við heildarfjárfestingarstefnu LSR.

Séreign LSR býður upp á þrjár fjárfestingarleiðir, Leið I og II með mismunandi vægi hlutabréfa og skuldabréfa og Leið III sem er verðtryggður innlánsreikningur. Á árinu 2003 var mikill jákvæður viðsnúningur í ávöxtun á Leið I frá því á árinu áður. Mikil hækking var á hlutabréfamörkuðum og innlend skuldabréf hækkuðu einnig vegna lækkunar ávöxtunarkröfu. Ávöxtun Leiðar II var einnig mjög góð en þó lægri en Leiðar I sökum herra hlutfalls skuldabréfa í samræmi við mismunandi fjárfestingarstefnu. Verðtryggðir innlánsvextir voru háir á síðastliðnu ári og voru raunvextir Leiðar III 6,3% í árslok.

Lífeyrisgreiðslur - LSR & LH (á verðlagi ársins 2003)



Lífeyrisgreiðslur nálgast milljarð á mánuði

Á árinu 2003 fengu um 10 þúsund lífeyrisþegar mánaðarlegar greiðslur úr A- og B-deild LSR og LH sem námu samanlagt tæpum 11 milljónum króna. Úr B-deild einni voru greiddir 10 milljarðar króna. Til samanburðar má nefna að á árinu 1997 voru 3,7 milljarðar greiddir til 6.650 lífeyrisþega í B-deild LSR. Lífeyrisgreiðslur hafa nálægt því þrefaldast meðan lífeyrisþegum hefur fjölgað um 50%.


	Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun	Eignir (m.kr.)	Fjárfestingarstefna				Innláns- reikningur
				Erlend hlutabréf	Innlend hlutabréf	Erlend skuldabréf	Innlend skuldabréf	
Leið I	16,1%	13,0%	1.708	35%	10%	5%	50%	
Leið II	12,1%	9,2%	409	15%	5%	5%	75%	
Leið III	9,1%	6,3%	209					100%
			2.326					

Hugsað um hag sjóðfélaga

Hjá Séreign LSR er hagur sjóðfélaga í fyrrirúmi og öll ávöxtun deildarinnar rennur til þeirra. Séreign LSR tekur enga umsýsluþóknun við eignastýringu fjárfestingarleiða og nýtur góðs af mikilli reynslu LSR í ávöxtun lífeyrissparnaðar. Af iðgjöldum og eign er ekki tekin þóknun af neinni gerð heldur fá sjóðfélagar iðgjöld og

ávöxtun óskert inn á séreign sína. Lögð er mikil áhersla á að hafa rekstrarkostnað sem lægstan en við daglegan útreikning gengis er tekið tillit til rekstrarkostnaðar og myndar daglegt gengi því hreina nafnávöxtun. Sjóðfélagar geta séð breytingar á daglegri stöðu með því að fylgjast með séreign sinni á sjóðfélagavef LSR.

Hrein eign til greiðslu lífeyris - LSR & LH (á verðlagi hvers árs fyrir sig)



Breytingar 1. janúar 2004

Breytingar á lögum um ábyrgðarsjóð launa varðandi ábyrgð á iðgjöldum samkvæmt samningi um viðbótartryggingarvernd tóku gildi 1. janúar 2004. Ábyrgðarsjóður launa tryggir nú allt að 4% framlag sjóðfélaga í viðbótarlífeyrissparnað til viðbótar við 10% lágmarks-iðgjald. Ábyrgðin tekur til krafna sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag. Það er því rétt er að ítreka ábyrgð sjóðfélaga við að fylgjast með iðgjaldgreiðslum.

Samþykkt var á Alþingi að fella niður framlag ríkisins til viðbótarlífeyrissparnaðar frá og með 1. janúar 2004. Þetta lögbundna mótframlag ríkisins var 10% af framlagi launþega í séreignarsjóð og gat verið hæst 0,4% af launum, eða 10% af 4% framlagi launþega. Þessi lagabreyting hefur engin áhrif á kjarasamningsbundið mótframlag launagreiðenda í séreignarsjóð sem er almennt 2% af launum.

Eignir í lífeyrissjóðum

Til að bera saman lífeyriseign þjóða er eignin oft borin saman við landsframléiðslu. Þegar við skoðum þróunina hér á landi síðustu 10 árin þá hafa heildareignir lífeyrissjóða sem hlutfall af landsframléiðslu farið úr rúmum 50% árið 1994 í 100% í árslok 2003 (rúmlega 800 m.kr.). Eignir LSR & LH hafa einnig vaxið hratt og sem hlutfall af heildareignum lífeyrissjóða farið úr 10% árið 1994 í tæp 20% í árslok 2003.



www.lsr.is

Meðaltalsvísitala á heimasíðu LSR

Nú er hægt að fylgjast með þeim mánaðarlegu breytingum sem verða á meðaltalsvísitölunni á heimasíðu sjóðsins. Hagstofa Íslands mælir þær breytingar sem verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna milli mánaða og eru þær upplýsingar birtar jafnóðum og þær berast sjóðnum en það er nálægt 20. hvers mánaðar. Á heimasíðunni er jafnframt hægt að lesa hver hækkun meðaltalsvísitölunnar hefur verið undanfarna mánuði og ár.

Á vefsíðunni geta sjóðfélagar og launagreiðendur einnig nálgast lög og samþykktir sjóðanna, lánareglur og fengið upplýsingar um útreikning á lífeyri og iðgjaldi. Reglulega eru birtar fréttir um

Góð þátttaka á kynningar- og samráðsfundum

Stjórn LSR hefur í stefnuyfirlýsingu sinni sett sér það markmið að kynna starfsemi sjóðanna sem best meðal sjóðfélaga, bæði meðal þeirra sem eru virkir greiðendur iðgjalda og þeirra sem komnir eru á lífeyri. Ýmsar leiðir hafa verið farnar í því efni. Heimasíða sjóðsins flytur fréttir af starfsemi eftir því sem tilefni gefst til og þar er einnig að finna margháttaðar upplýsingar um sjóðina. Málefni sjóðanna hafa verið kynnt á fundum sem stéttarfélög og einstakar opinberar stofnanir hafa boðað til. Sjóðirnir hafa sjálfir staðið fyrir kynningarfundum í Reykjavík og á nokkrum þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarinnar.

Þar ber helst að nefna fjölmenna kynningar- og samráðsfundi fyrir sjóðfélaga sem komnir eru á lífeyri.

Haldnir hafa verið fundir með launafulltrúum opinberra stofnana og sveitarfélaga, sem tryggja starfsmenn sína hjá sjóðunum, í þeim tilgangi að kynna starfsemi sjóðanna. Þá hafa verið haldnir nokkrir samráðsfundir með fulltrúum einstakra stéttar- og fagfélaga þegar tilefni hefur gefist til. Tilgangur þessara funda er ekki hvað síst að miðla upplýsingum og skapa traust meðal sjóðfélaga, stéttarfélaga og launagreiðenda á því hvernig sjóðurinn rækir hlutverk sitt.

Meirihluti lífeyrisþega kominn á meðaltalsreglu

Við upphaf lífeyristöku þurfa þeir sjóðfélagar B-deildar LSR og LH sem fara á lífeyri í beinu framhaldi af starfi að taka um það ákvörðun hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum skuli fylgja þeim breytingum sem verða á launum fyrir síðasta starf eða taka sömu breytingum og verða að meðaltali á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Mörgum finnst þetta vandasamt val. Þeir sem ekki hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem átt hafa aðild að sjóðnum á grundvelli niðurlagðrar stöðu, eiga ekki val og fá greiddan lífeyri sem tekur meðaltalsbreytingum.

Fjölgun lífeyrisþega á meðaltalsreglu hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár og því kom það ekki á óvart um síðustu áramót að meirihluti lífeyrisþega í B-deild LSR var kominn á meðaltalsreglu. Því hefur enda verið haldið fram að til lengri tíma litið séu þessar reglur, eftirmanns- og meðaltalsregla, jafn dýrmætar. Reynsla síðastliðinna ára sýnir að hagkvæmara er fyrir þá, sem ekki eiga beina tilvísun í eftirmann og eru ekki með há viðmiðunarlaun, að fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu. Þetta gæti einnig átt við þá sem eru í hæstu launaflokkunum.



það sem efst er á baugi í starfsemi sjóðanna eða í lífeyrismálum almennt. Á síðunni eru ýmsar reiknivélar þar sem hver og einn getur, miðað við eigin forsendur, áætlað útgreiðslu vegna séreignarsparnaðar, lífeyris úr A-deild eða greiðslubyrði lána. Þá er hægt að finna á vefsíðunni öll nauðsynleg umsóknareyðublöð.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinsson
Umsjón: Ágústa H. Gísladóttir
Hönnun og umbrot: Tunglið, auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7
Opnunartími 9.00—15.30
Símatími 9.00—16.00

Tryggingar hjá LSR og LH

Vakning hefur orðið meðal almennings um mikilvægi þess að greiða í lífeyrissjóði. Viðamesta hlutverk lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum eftirlaun til æviloka. Lífeyrissjóðir hafa þar að auki víðtækt og afar dýrmætt tryggingarhlutverk með greiðslu maka- og barnalífeyris við fráfall sjóðfélaga. Jafnframt hafa lífeyrissjóðir mikilvægu hlutverki að gegna komi til tekjuskerðingar sjóðfélaga vegna starfsorkumissis.

Þær tryggingar sem felast í greiðslu til lífeyrissjóða kunna í mörgum tilvikum að vera fullnægjandi en svo þarf ekki alltaf að vera. Þrátt fyrir greiðslu í lífeyrissjóði kann að vera þörf fyrir viðbótartryggingu til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar. Þegar keyptar eru viðbótartryggingar er afar mikilvægt að meta stöðuna og yfirfara hvort og hvar frekari tryggingar er þörf.

LSR skiptist fyrst og fremst upp í þrjár deildir, A-deild, B-deild og Séreign. Þessar deildir byggja á afar ólíku réttindakerfi og því er mikilvægt að sjóðfélagar kynni sér þau réttindi sem þeir eiga ef óvæntir atburðir verða þar sem reynt getur á tryggingar sjóðanna. Sem dæmi skal nefna að í A-deild eru iðulega fullnægjandi örorkuþryggingar en makalífeyrir er greiddur tímabundið. Í B-deild er makalífeyrir hins vegar greiddur ævilangt en oft þörf fyrir frekari örorkuþryggingar. Sjóðfélagar þurfa því að vera vel upplýstir um réttindi sín í sjóðnum til að geta metið stöðu sína heildstætt við val um hvort kaupa skuli viðbótartryggingar eða hvort frekar sé þörf fyrir aukin framlög í lífeyrissjóði í formi séreignarsparnaðar. Starfsfólk LSR veitir allar upplýsingar um réttindi í sjóðnum en einnig er ýmsar gagnlegar upplýsingar að finna á heimasíðu LSR.